

Fundur 28.9.2020 Sigurbjörn Einarsson.

Komið þið sælir.

Gaman að tengjast ykkur aftur, þið fyrrverandi andstæðingar um tíma og svo samherjar og nú er ég aftur kominn á ykkar línu, og,

Fullur af orku.

Já fullur af orku og finnst mér að þið eigið það inni hjá mér að ég reyni að senda ykkur orku og reyni að efla þennan málstað.

Og langar mig mjög til þess að tala sem ættfaðir við íslensku þjóðina. Enn á ný eins og ég gerði og finn ég það og skynja, á samböndum sem ég hef fengið og fréttum af jörðinni að íslenska þjóðin og heimurinn allur þurfi á stuðningi að halda.

Og var ég að vonast til þess að mín gamla stofnun gæti verið máttarstólpi í gegnum þær breytingar og leitt þjóðina út úr þeim erfiðleikum sem hún er í.

Eins og sú stofnun gerði í gegnum aldirnar. Og vil ég óska þess að öll sundrungaröfl megi slíðra sverðin og vinna saman, að því markmiði að efla kærleikann og trú á það besta sem frelsarinn kom fram með en ekki hengja sig í smáariði og túlkunaratriði.

Ég hef að vísu fylgst með ýmsum breytingum og upp á komum í þjóðfélagi ykkar og kirkjunni minni gömlu.

En finnst mér í mörgum tilfellum sem verið sé að blása upp það sem kalla mætti eðlislægan mismun kynslóðanna og gera úr því, úlfalda úr myfluglu.

Hefði ég að vísu aldrei samþykkt allan þann gjörning sem fram hefur komið, sem biskup landsins á sínum tíma.

Enda var tíðarandinn annar þá og forneskjulegri og hefðbundnari.

En geri ég mér fulla grein fyrir því, að mönnum gengur gott eitt til, þótt margt sé gagnrýni vert, unnið í nafni kirkjunnar nú til dags, eins og áður fyrr.

Vil ég senda sonum mínum sérstaka blessun og bón um lækningu og allri þjóðinni.

Og hygg ég, að ég hafi stuðning Íslensku þjóðarinnar á bakvið mig í því efni, og ykkar.

En upplifun margvísleg í framlífi mínu, hefur reynt á trúarvissu mína. Og hef ég flakkað á milli trúarvissu og efasemda eins og gerist og gengur.

Hef ég þó ekki iðrast þess, að hafa ekki tekið við valda embætti á örðum stað.

Enda finnst mér kröftum mínum og hæfileikum hafa verið vel varið á þessum hnetti.

Og hefur hér margt borið við og þótt ég sé aftur orðinn Nýalssinni eins og ég var á mínum yngri árum, finnst mér ég hafa betur öðlast hæfileika til að samþætta þetta tvennt.

Og má segja í ákveðnum erfiðleikum, hafi ég aftur leitað til trúarinnar.

Og hafa sumir gert grín að því hér, kunningjar mínir, eins og Sveinn ykkar gamli miðill, sem hefur haldið því fram að ég væri orðinn alkristinn aftur, en það er flóknara en svo.

Þetta eru ekki svo miklar andstæður þegar allt kemur til alls.

En þú hefur nú margt að sýsla.

Já, Já vissulega.

Það er hér mikill vera sem nálgast okkur og er hún stödd ekki á okkar hnetti, kemur hún fram í salnum, eru þetta raunar tvær verur, og ljómar af þeim, er það,

Ég verð að kveðja ykkur, nafn mitt er Sigurbjörn Einarsson.

Þú ert nú alltaf velkominn Sigurbjörn.

Þakka ykkur fyrir. Ég gat ekki, verð að koma seinna með allt erindið. Ég þakka fyrir og þarf að bæta nokkuð við þetta síðar.

Verið þið sælir.